149

# Firmnatilkynningar.

Samkvæmt lögum 13. nóvember 1903, um verslanarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar 1914.

## *I. Reykjavík.*

1. Trawlfjelagið »Bræðurnir Thorsteinsson« er hætt.

Reykjavík, 17. desember 1913.

Th. Thorsteinsson. Jón Jóhannsson. Kolbeinn Þorsteinsson.

2. Hlutafjelagið »Fiskiveiðahlutafjelagið Bragi« í Reykjavík rekur fiskiveiðaatvinnu. Lög fjelagsins eru samþykt 17. desember 1913. Hlutafjeð er 80 þús. kr., skift í fjörutíu 2000 kr. hluti hljóðandi á nafn, og er að fullu innborgað. Auglýsingar til fjelagsmanna sjer stjórnin um að birtar verði, þær skal eigi birta í blöðunum. Í stjórn fjelagsins eru kaupmennirnir Guðm. Olsen, Siggeir Torfason og Thorstein Thorsteinsson, allir í Reykjavík. Formaður hefir sem prókúruhafi fjelagsins heimild til að rita firmað. Th. Thorsteinsson er formaður.

Reykjavík, 6. janúar 1914.

Th. Thorsteinsson. G. Olsen. Siggeir Torfason.

3. Stjórn hlutafjelags »Bifreiðarfjelags Reykjavíkur« tilkynnir hjermeð, að greint hlutafjelag ætlar að reka bifreiðaakstur sem atvinnu. Lög fjelagsins eru samþykt 30. septbr. 1913. Hlutafjeð er 12000 krónur, sem skiftist í 1000-krónu hluti, sem hljóða á nafn, og á hlutafjeð að vera fullborgað fyrir 1. apríl 1914. Í stjórn eru : A. V. Tulinius yfirdómslögm., Sveinn Björnsson yfirdómslögm., P. Þ. J. Gunnarsson hótelstjóri. Öll stjórnin ritar firmað, og ritar hún þannig:

H.f. Bifreiðarfjelag Reykjavíkur.

Sveinn Björnsson. A. V. Tulinius. P. Þ. J. Gunnarsson.

4. Hansína Fr. Hansdóttir rekur verslun í Reykjavík undir firmanafninu »Von«. Pókúruumboð hefir Hallgrímur Tómasson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. verslunin »Von«.

Hallgr. Tómasson.

Reykjavík, 3. janúar 1914.

5. Á aðalfundi h.f. Völundur 7. og 14. mars síðastliðinn, voru þessir menn kosnir í stjórn fjelagsins: Sigurjón Sigurðsson trjesmíðameistari, Hjörtur Hjartarson trjesmíðameistari, Sveinn Jónsson kaupm. og til vara þeir: Pjetur Gunnarsson hótelstjóri og Árni Jónsson kaupm.

pr. Hlutafjelagið »Völundur«.

Hjörtur Hjartarson. Sigurjón Sigurðsson. Sveinn Jónsson.

6. Hjermeð tilkynnist til firmnaskrár Reykjavíkur, að undirritaðir reka í fjelagi 149
verslun hjer á staðnum með ótakmarkaði ábyrgð undir firmanafninu: Sv. Jónsson & Co., og rita þeir báðir firmað svo sem hjer segir:

Sv. Jónsson & Co.
Sveinn Jónsson.
Sv. Jónsson & Co.
Sv. M. Sveinsson.
Reykjavík, 3. apríl 1914.
Sveinn Jónsson. Sv. M. Sveinsson.

7. Á aðalfundi H/F »Fjelagsbókbandið«, sem haldinn var þ. 13 þ. m., gekk hr. Guðbjörn Guðbrandsson úr stjórn fjelagsins, og er stjórnin nú skipuð þannig: Formaður er Ingvar Þorsteinsson, gjaldkeri Þorleifur Gunnarsson, ritari Björn Bogason, til vara Lúðvík Jakobsson.

Reykjavík, 18. apríl 1914.
pr. H/F Fjelagsbókbandið
Ingvar Þorsteinsson. Þorl. Gunnarsson. Björn Bogason.

8. Undirritaður Hans Martin Fischer, til heimilis í Kaupmannahöfn, tilkynnir hjermeð til firmnaskrárinnar í Reykjavík, að eg rek verslun í Reykjavík með sápu, ilmvötn og annað það, er venjulega er selt í slíkum verslunum, undir nafninu »Sápubúðin«.

Reykjavík, 12. maí 1914.
Versl. »Sápubúðin«.
Hans Martin Fischer.

9. Hjermeð leyfum við undirritaðir okkur að tilkynna til firmnaskrár kaupstaðarins, að herra P. M. M. Kreyns, frá 1. jan. þ. á. að telja, er genginn úr firmanu Ó. G. Eyjólfsson & Co., og er því herra kaupm. Ólafur G. Eyjólfsson frá sama tíma einkaeigandi firmans Ó. G. Eyjólfsson & Co.

Reykjavík, 15. maí 1914.
Ó. G. Eyjólfsson & Co.

10. Sveinn Jónsson trjesmiður og Sveinn M. Sveinsson verslunarmaður tikynna, að þeir riti firma sitt þannig:

Sveinn Jónsson skrifar:
Sv. Jónsson & Co.
Sveinn M. Sveinsson skrifar:
Sv. Jónsson & Co.

11. Hlutafjelagið Eimskipafjelag Íslands, stofnað 17. janúar 1914, rekur siglingar aðallega milli Íslands og annara landa og við strendur Íslands. Stjórn fjelagsins skipa: Sveinn Björnsson, yfirdómslögmaður, formaður. Ólafur Johnson, konsúll, ritari. Eggert Claessen, yfirrjettarmálaflutningsmaður, gjaldkeri.

149 Garðar Gíslason, kaupmaður, vararitari. Halldór Daníelsson, yfirdómari, varaformaður. Jón Gunnarsson, samábyrgðarstjóri, og Olgeir Friðgeirsson, samgöngumálaráðunautur, allir til heimilis í Reykjavík. Undirskriftir formanns og þriggja annara stjórnenda eru skuldbindandi fyrir fjelagið gagnvart öðrum. Þó þarf samþykki fimm stjórnarmanna til þess að veðsetja eignir fjelagsins. Útgerðarstjóri er Emil Nielsen. Stofnfje fjelagsins er 400 þús. kr. og skiftist það í 25 kr., 50 kr., 100 kr., 500 kr., 1000 kr., 5000 kr. og 10000 kr. hluti, sem hljóða á nafn. Sjórn fjelagsins er heimilt að auka hlutafjeð upp í 800 þúsund krónur og ennfremur 400 þúsund krónur til hluta handa landsjóði, eða samtals upp í 1200 þús. kr. Hafa menn þegar skrifað sig fyrir 540 þús. kr. hlutafje, og auk þess hefir landsjóður með samningi, dags. 4. febr. 1914, keypt hluti í fjelaginu fyrir ofangreindar 400 þús. kr. Svo samtals er hlutafjeð nú 940 þús. kr. Innborgaðar eru 390 þús. kr. Eftirstöðvarnar innborgast þannig: 100 þús. kr. 1. júní 1914, 50 þús. kr. í júlí 1914, 50 þús. kr. í janúar 1915 300 þús. kr. fyrir 15. febr. 1915, 50 þús. kr. í júlí 1915. Birtingar til fjelagsmanna eiga að setjast í blað það á Íslandi er flytur stjórnvaldaauglýsingar, og í eitt íslenskt blað í Vesturheimi. Fjelagsfundaboð skal ennfremur birta í einu blaði í hverjum landsfjórðungi.

Reykjavík, 19. maí 1914.

Sveinn Björnsson. Jón Gunnarsson. Halldór Daníelsson. Eggert Claessen.

12. Frú Laura Augusta Nielsen og Niels Bertel Nielsen reka verslun í Reykjavík, undir firmanafninu: »Johs Hansens Enke«, og bera bæði ótakmarkaða ábyrgð á viðskiftum firmans.

Þau rita firmað hvort í sínu lagi þannig:

Johs Hansens Enke
L. Nielsen.
Johs Hansens Enke
N. B. Nielsen.

Reykjavík, 6. júní 1914.

Laura Augusta Nielsen. Niels Bertel Nielsen.

13. Undirritað firma veitir hjermeð Magnúsi B. Blöndal bókhaldara í Reykjavík prókúruumboð fyrir firmað, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Ó. G. Eyjólfsson & Co.
M. B. Blöndal.

Reykjavík, 13. júní 1914.

Ó. G. Eyjólfsson & Co.

14. Magnús Th. S. Blöndahl kaupm. og Jón Sivertsen kaupm. reka umboðs- og heildsöluverslun (Im. & Export) í Reykjavík með firmanafninu Blöndahl & Sivertsen. **149**

Magnús Th. S. Blöndahl ritar firmað þannig:

Blöndahl & Sivertsen.

Jón Sivertsen ritar firmað þannig:

Blöndahl & Sivertsen.

Reykjavík, 14. ágúst 1914.

Magnús Blöndahl. J. Sivertsen.

15. Hlutafjelagið Njörður rekur fiskiveiðar frá Reykjavík undir firmanafninu »Fiskihlutafjelagið Njörður«. Lög fjelagsins eru dagsett 9. desbr. 1913. Lögheimili fjelagsins og skrifstofa þess eru í Reykjavík. Hlutafjeð eru 60.000 krónur, og skiftist í 15 hluti á 4000 krónur hvern. Hlutabrjefin hljóða á nafn og hlutafjeð er greitt að fullu. Auglýsingar til fjelagsmanna eru eigi birtar í blöðunum. Í stjórn fjelagsins eru: Elías Stefánsson útgerðarmaður, Finnur Finnsson skipstjóri og Guðmundur Guðnason skipstjóri. Elías Stefánsson er formaður, og sjer um atvinnurekstur fjelagsins og ritar firmað sem prókúruhafi með venjulegu valdsviði.

Reykjavík, 12. septbr. 1914.

Elías Stefánsson. Guðm. Guðnason.

Finnur Finnsson.

16. Frá og með 1. mars þ. á. að telja hefir firmað »Verslunin Nýhöfn« svift herra Engilbert Einarsson prókúruumboði hans fyrir tjeð firma.

Reykjavík, 2. septbr. 1914.

Guðm. Kr. Guðmundsson.

17. Eg undirritaður tilkynni hjermeð, að eg rek umboðs- og heildsöluverslun hjer á staðnum með firmanafninu G. Eiríkss.

Herra Daníel Halldórsson hefir prókúruumboð fyrir mig, og ritar hann firmað þannig:

p. p. G. Eiríkss.

Daníel Halldórsson.

Reykjavík, 17. okt. 1914.

G. Eiríkss.

18. Eg undirritaður Ludvig Bruun, til heimilis í Kirkjustræti 8 A í Reykjavík, rek Conditori & Café, undir firmanafninu »Skjaldbreið« með ótakmarkaðri ábyrgð.

Reykjavík, 28. október 1914.

Ludvig Bruun.

149 19. Th. Thorsteinsson kaupm. og Geir Thorsteinsson verslunarmaður tilkynna, að firma þeirra Th. Thorsteinsson & Co., skrásett 4. ágúst 1908, hafi hætt störfum frá 26. f. m. að telja.

## *II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.*

»Kaupfjelag Borgfirðinga« pantar útlendar vörur fyrir fjelagsmenn og annast um sölu á innlendum vörum þeirra. Það hefir og söludeild í Borgarnesi. Lög þess eru dagsett 25. jan. 1913, og eru með þeim úr gildi feld lög frá 24. jan. 1905. Yfirstjórn allra fjelagsmála hefir aðalfundur, er haldinn skal í janúarmánuði ár hvert. Stjórn og framkvæmd fjelagsmála milli funda hefir framkvæmdarstjóri. Fjelagið er í deildum, og ábyrgjast fjelagsmenn hverrar deildar, allir fyrir einn og einn fyrir alla, skuldbindingar deildarinnar.

Framkvæmdarstjóri fjelagsins er Sigurður B. Runólfsson í Borgarnesi, og hefir hann prókúruumboð.

## *III. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.*

Garðar Gíslason kaupmaður í Reykjavík tilkynnir, að hann reki verslun í Ólafsvík með ótakmarkaðri ábyrgð, undir nafninu G. Gíslason & Hay.

Prókúru fyrir verslunina í Ólafsvík hefir Hreggviður Þorsteinsson, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. G. Gíslason & Hay, Ólafsvík,
Hreggviður Þorsteinsson.

## *IV. Dalasýsla.*

1. Páll Ólafsson og Bogi Sigurðsson kaupmenn, báðir í Búðardal við Hvammsfjörð, reka þar í fjelagi verslun undir firmanafninu:

»P. Ólafsson & Sigurðsson«.

Hvor um sig hefir ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans og rjett til að rita það.

2. Kaupfjelagið »Kaupfjelag Hvammsfjarðar« í Búðardal í Dalasýslu tilkynnir, að sú breyting hafi orðið á stjórn þess, samkvæmt endurskoðuðum lögum þess, er gengu í gildi 1. janúar 1914, að formaður sje kosinn til óákveðins tíma, með 6 mánaða uppsagnarfresti frá beggja hálfu, og að kosningu hafi hlotið á nýafstöðnum aðalfundi fjelagsins Ásgeir Ásgeirsson prestur í Hvammi,

er því hafi nú, eins og að undanförnu, á hendi prókúru fjelagsins svo lengi sem henni verði ekki aflýst. 149

Nafn fjelagsins ritar hann eins og áður:

pr. pr. Kaupfjelag Hvammsfjarðar
Ásgeir Ásgeirsson.

Enginn annar getur ritað nafn fjelagsins.

## *V. Barðastrandarsýsla*

Bræðurnir Hannes B. Stephensen á Bíldudal og Þórður Bjarnason Laugav. 64 Reykjavík, reka í fjelagi verslun og sjávarútgerð á Bíldudal, Barðastrandarsýslu, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu Hannes B. Stephensen & Co. Báðir bræðurnir hafa fulla heimild til að rita firmað. Heimili þess og varnarþing er á Bíldudal. Hannes B. Stephensen ritar firmað þannig:

Hannes B. Stephensen & Co.

Þórður Bjarnason ritar firmað þannig:

Hannes B. Stephensen & Co.

## *VI. Ísafjarðarsýsla.*

Carl Fr. Proppé, J. Adolph Proppé, Anton V. Proppé, Ólafur J. Proppé og Jóhannes H. Proppé reka allskonar verslun, útgerð o. fl. fyrst um sinn á Þingeyri, Ólafsvík og Sandi, undir firmanafninu: »Bræðurnir Proppé«. Undirskrift hvers um sig bindandi fyrir fjelagið.

Bræðurnir Proppé.

## *VII. Skagafjarðarsýsla.*

1. Hlutafjelagið »De forenede Islandsforretninger« (»Hinar sameinuðu íslensku verslanir«) í Kaupmannahöfn tilkynnir, að það reki verslun á Sauðárkrók, Grafarós og Haganesvík í Skagafjarðarsýslu. Lög fjelagsins eru dagsett 18. septbr 1912. Hlutafjeð, sem er skift í 1000 kr. hluti, er 470.000 kr., og alt innborgað.

149 Hlutabrjefin hljóða á nafn. Auglýsingar til hluthafa verða birtar í Berlingatíðindum eða handföldum brjefum til hluthafa. Í stjórn fjelagsins eru: F. Holme stórkaupmaður, Thor E. Tulinius íslenskur kaupmaður og Hans H. Styhr stórkaupmaður, allir í Kaupmannahöfn. Auk stjórnarinnar eru 3 framkvæmdarstjórar: S. O. Larsen í Kaupmannahöfn og konsúlarnir Ottó Tulinius á Akureyri og J. C. F. Arnesen á Eskifirði. Firmað rita tveir úr stjórninni í sameiningu, eða samkvæmt prókúru einn úr stjórninni og einn framkvæmdarstjóranna í sameiningu.

Prókúru hafa nú þannig:

Thor E. Tulinius og S. O. Larsen.

2. Chr. Popp tilkynnir, að firmað L. Popp sje hætt verslunarrekstri á Sauðárkrók og Hofsós í Skagafjarðarsýslu.

## *VIII. Akureyrarkaupstaður.*

Frá 1. janúar 1914 verður sú breyting á firmanu »Verslun S. Sigurðssonar og E. Gunnarssonar« á Akureyri, að Einar Gunnarsson hættir að starfa í þarfir firmans, og lætur af stjórn þess, en Stefán Sigurðsson stjórnar einn versluninni, og hann einn ritar firmað þannig:

»Verslun S. Sigurðssonar og
E. Gunnarssonar«.
S. Sigurðsson.

Þetta tilkynnist hjermeð til innfærslu í firmnaskrá Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar.

Akureyri, 31. desember 1913.
Einar Gunnarsson.
St. Sigurðsson.

## *IX. Vestmannaeyjasýsla.*

Ísfjelag Vestmannaeyja, sem er hlutafjelag og rekur atvinnu með að frysta,

geyma og selja beitu, matvæli o. fl., hefir að hlutafje 16475 krónur, að fullu greitt, sem skiftist í 659 hluti á 25 krónur, er hljóða á nafn. 149

Samþyktir þess eru dagsettar 15. maí 1911.

Stjórn fjelagsins skipa:

G. J. Johnsen formaður, Árni Filippusson gjaldkeri,
Jón Einarsson ritari,
Ágúst Gíslason og Magnús Guðmundsson. Ennfremur tveir varamenn.

Stjórnendur eru allir hluthafar, og eru til heimilis í Vestmannaeyjum.

Stjórn fjelagsins ritar firmað þannig:

pr. Ísfjelag Vestmannaeyja hlutafjelag.
G. J. Johnsen, Árni Filippusson,
Magnús Guðmundsson,
Ágúst Gíslason.

Heimili og varnarþing fjelagsins er í Vestmannaeyjum.

G. J. Johnsen hefir prókúruumboð fyrir fjelagið, dagsett 18. júlí 1912, og ritar firmað þannig:

pr. pr. Ísfjelag Vestmannaeyja hlutafjelag.
G. J. Johnsen.

Til fundar skal boða með 4 daga fyrirvara, eða með því að láta kalla menn á fundinn.

Stjórn fjelagsins hefir heimild til að auka hlutafje fjelagsins upp í alt að 18000 krónum.

## X. *Arnessýsla.*

Guðmundur Ísleifsson og Ólafur Finnsson tilkynna, að hlutafjelagið »Reykjafoss« sje hætt að starfa.

## XI. *Hafnarfjarðarkaupstaður.*

1\. Árni Sighvatsson, fyrv. verslunarstj. hjá H. Th. A. Thomsen í Reykjavík, tilkynnir til firmnaskrárinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðarkaupstað, að hann reki verslun með nýlenduvörur, skipanauðsynjar og umboðsverslun í Hafnarfirði, undir firmanafninu: Verslunin »Bristol«.

Hann er einkaeigandi með ótakmarkaðri ábyrgð, og ritar einn firmanafnið þannig:

Verslunin »Bristol«.
**Árni Sighvatsson.**

149 2. Jóh. J. Reykdal, Böðvar Böðvarsson, Ólafur Böðvarsson og Þórarinn Böðvarsson, tilkynna til firmnaskrárinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðarkaupstað, að þeir reki verslun í Hafnarfirði sem fullábyrgir fjelagar undir firmanafninu: Verslun Böðvarssona & Co.

Rjett til að rita firmað hafa: Ólafur Böðvarsson og Þórarinn Böðvarsson.

Ólafur Böðvarsson ritar firmað þannig:

Verslun Böðvarssona & Co.
Ólafur Böðvarsson.

Þórarinn Böðvarsson ritar firmað þannig:

Verslun Böðvarssona & Co.
Þór. Böðvarsson.

3. Fiskiveiðahlutafjelagið »Ýmir« í Hafnarfirði tilkynnir til firmnaskrárinnar, að það reki fiskiveiðar með 100.000 kr. höfuðstól, er skiftist í 100 hluti á 1000 kr. Hlutafjeð má auka upp í 125.000 kr. — $^1/_3$ hluti hlutafjárins er greiddur, og það, sem ógreitt er, getur formaður fjelagsins innheimt hvenær sem hann vill á þessu ári. — Lög fjelagsins eru samþykt 24. febrúar 1914. Í stjórn fjelagsins eru: Aug. Flygenring, kaupmaður í Hafnarfirði, formaður og útgerðarstjóri, og meðstjórnendur Hjalti Jónsson skipstjóri og Olgeir Friðgeirsson ráðunautur, báðir til heimilis í Reykjavík. Rjett til að rita firmað hefir stjórn fjelagsins og útgerðarstjóri, samkvæmt lögum. Tilkynningar til fjelagsmanna má birta brjeflega eða með símskeyti.

4. Til firmnaskrárinnar er tilkynt, að hlutafjelagið »Námufjelag Hvalfjarðar« með lögheimili í Hafnarfirði reki námuiðnað við Hvalfjörð. Lög þess eru samþ. á stofnfundi 11. des. 1914. Hlutafjeð er kr. 60,000,00, og skiftist í 600 hluti á 100 kr. Hlutirnir hljóða á handhafa. Hlutafjeð er að fullu innborgað með námurjetti í Þrándarstaðalandi við Hvalfjörð. Í stjórn fjelagsins eru: Th. S. Kjarval í Reykjavík, formaður, Runólfur Sverrisson Akrakoti og Þórður Stefánsson í Reykjavík, meðstjórnendur. Auglýsingar til fjelagsmanna skulu birtar í Lögbirtingablaðinu. Öll stjórnin skuldbindur fjelagið í sameiningu.